

INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2025, fimmtudaginn 20. mars var haldinn 160. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar Sara Björg Sigurðardóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns. Andrea Jóhanna Helgadóttir og Birna Hafstein sátu fundinn í fundarsal. Einnig sat fundinn Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir. Þá sat Björn Atli Davíðsson, starfsmaður borgarlögmans fundinn með fjarfundarbúnaði.

Fundarritari var Halla Björg Evans

Þetta gerðist:

1. Lagt er fram erindi Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 17. mars 2025, merkt PON25030015, þar sem lagt er til að gengið verði að lágsta tilboði, sem er frá Crayon Iceland ehf. í EES útboð 16082 – Microsoft EAS og Azure hugbúnaðarleyfi. Samþykkt

- kl. 13.03 tekur Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns sæti á fundinum.

Helga Sigrún Kristjánsdóttir, Eiríkur Baldur Þorsteinsson, Sæpór Fannberg Sæpórsson og Lena Dögg Dagbjartsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt er fram erindi borgarstjórn Reykjavíkur, dags. 4. mars 2025, merkt MSS25020127, þar sem borgarstjórn samþykki að fela innkaupa- og framkvæmdaráði að koma með tillögu að endurskoðaðri innkaupastefnu og innkaupareglum fyrir Reykjavíkurborg. Framlagning
3. Lagt er fram erindi borgarstjórn Reykjavíkur, dags. 4. mars 2025, merkt MSS25020129, þar sem borgarstjórn samþykki að fela innkaupa- og framkvæmdaráði að vinna tillögur til að skerpa á keðjuábyrgð. Framlagning

Fundi slitið kl. 13.41

Andrea Jóhanna Helgadóttir

Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns
Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Sara Björg Sigurðardóttir
Birna Hafstein